

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**2015/EES/16/22****2014/58/ESB****frá 16. apríl 2014****um að koma á fót rekjanleikakerfi fyrir flugeldavörur samkvæmt tilskipun
Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB frá 23. maí 2007 um að setja á markað flugeldavörur ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr.18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2007/23/EB er mælt fyrir um reglur um öryggi í tengslum við flugeldavörur á markaði Sambandsins og kveðið á um að koma skuli á fót rekjanleikakerfi á vettvangi Sambandsins.
- 2) Til þess að tryggja rekjanleika flugeldavara ætti að merkja þær með skráningarnúmeri sem byggist á samræmdu númerakerfi. Tilkynntar stofur ættu að halda skrá yfir þau skráningarnúmer sem þær úthluta þegar þær gera samræmismatið. Slíkt kerfi myndi tryggja auðkenningu flugeldavara og framleiðenda þeirra á öllum stigum aðfangakeðjunnar. Framleiðendur og innflytjendur ættu að halda skrár yfir skráningarnúmer þeirra flugeldavara sem boðnar eru fram á markaði og gera þessar upplýsingar aðgengilegar viðeigandi yfirvöldum eftir beiðni.
- 3) Samræmda númerakerfið byggist á þáttum, sem þegar er beitt í samræmi við fyrirbyggjandi samhæfða staðla, og mun kerfið því leiða til lítillaga aukins álags fyrir rekstraraðila.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2007/23/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Skráningarnúmer**

1. Flugeldavörur skulu merktar með skráningarnúmeri sem samanstandur af eftirfarandi:
 - a) fjögurra stafa kenninúmeri tilkynntu stofunnar, sem gaf út EB-gerðarprófunarvottorðið í samræmi við samræmismatsaðferðina, sem um getur í a-lið 9. gr. tilskipunar 2007/23/EB (aðferðareining B), eða samræmisvottorðið í samræmi við samræmismatsaðferðina, sem um getur í b-lið 9. gr. tilskipunar 2007/23/EB (aðferðareining G), eða samþykki gæðakerfis í samræmi við samræmismatsaðferðina, sem um getur í c-lið 9. gr. tilskipunar 2007/23/EB (aðferðareining H),

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 115, 17.4.2014, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2015 frá 26. febrúar 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 1.

- b) flokki flugeldavörunnar, sem samræmi er vottað fyrir, í stuttri framsetningu og með hástöfum:
- F1, F2, F3 eða F4 að því er varðar skotelda í flokkum 1, 2, 3 og 4,
 - T1 eða T2 að því er varðar flugeldavörur fyrir leikhús í flokkum T1 og T2,
 - P1 eða P2 að því er varðar aðrar flugeldavörur í flokkum P1 og P2,
- c) vinnslunúmeri sem tilkynnta stofan notar fyrir flugeldavöruna.
2. Skráningarnúmerið skal hafa eftirfarandi uppbyggingu: „XXXX — YY — ZZZZ...“, þar sem XXXX vísar til a-liðar 1. mgr., YY vísar til b-liðar 1. mgr.og ZZZZ... vísar til c-liðar 1. mgr.

2. gr.

Skyldur tilkynnta stofa

1. Tilkynntar stofur, sem framkvæma samræmismatið í samræmi við 9. gr.tilskipunar 2007/23/EB, skulu halda skrá yfir flugeldavörur, sem þær hafa gefið út EB-gerðarprófunarvottorð fyrir í samræmi við samræmismatsaðferðina, sem um getur í a-lið 9. gr.tilskipunar 2007/23/EB (aðferðareining B), eða samræmisvottorð í samræmi við samræmismatsaðferðina, sem um getur í b-lið 9. gr.tilskipunar 2007/23/EB (aðferðareining G), eða samþykki gæðakerfis í samræmi við samræmismatsaðferðina, sem um getur í c-lið 9. gr.tilskipunar 2007/23/EB (aðferðareining H), á því formi sem sett er fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

Skráin yfir flugeldavörur skal innihalda a.m.k. upplýsingar um þau atriði sem sett eru fram í viðaukanum. Geyma skal þessar upplýsingar í a.m.k. 10 ár frá þeim degi sem tilkynntu stofurnar gefa út vottorðin eða samþykkin sem um getur í fyrstu undirgrein.

Tilkynntu stofurnar skulu reglulega uppfæra skrána og gera hana aðgengilega öllum á Netinu.

2. Þegar tilkynning samræmismatsstofu er afturkölluð skal sú stofa færa skrána yfir til annarrar tilkynntar stofu eða til lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. gr.

Skyldur framleiðenda og innflytjenda

Framleiðendur og innflytjendur flugeldavara skulu:

- a) halda skrá yfir öll skráningarnúmer flugeldavara, sem þeir framleiða eða flytja inn, ásamt viðskiptaheiti þeirra, almennri tegund og undirtegund, ef við á, og framleiðslustað, í a.m.k. 10 ár eftir að varan hefur verið sett á markað,
- b) flytja skrárnar yfir til lögbærra yfirvalda ef framleiðandi eða innflytjandi hættir starfsemi,
- c) veita lögbærum yfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum allra aðildarríkja upplýsingarnar, sem um getur í a-lið, að fenginni rökstuddri beiðni þeirra.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 17. október 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Snið skrárinnar sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

Skráningarnúmer	Útgáfudagur EB-gerðarprófunarvottorðs (aðferðareining B), samræmisvottorðs (aðferðareining G) eða samþykkis gæðakerfis (aðferðareining H) og lok gildistíma, eftir atvikum	Framleiðandi	Vörutegund (almenn) og undirtegund, ef við á	Aðferðareining fyrir samræmi á framleiðslustigi (1)	Tilkynnt stofa sem framkvæmir samræmismat á framleiðslustigi (2)	Viðbótarupplýsingar

(1) Verður alltaf að fylla út ef tilkynnta stofan ber ábyrgð á að framkvæma samræmismatssæðferðina sem um getur í a-lit 9. gr. tilskipunar 2007/23/EB (aðferðareining B). Ekki krafist fyrir samræmismatssæðferðirnar sem um getur í b- og c-lit 9. gr. (aðferðareiningar G og H). Upplýsingar skulu veittar (ef þær liggja fyrir) ef önnur tilkynnt stofa á hlut að máli.